

Vatnsendaskóli

Nemendakönnun 6. – 10. bekkur 2017 - 2018

Vatnsendaskóli tekur þátt í nemendakönnun Skólapúlsins og eru það nemendur í 6. – 10. bekkjum sem taka þátt í könnuninni. Þeir þættir sem mældir eru snúa að virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu nemenda og skóla- og bekkjaranda. Niðurstaða skólans á hverjum matsþætti er borin saman við samanlagða útkomu allra skóla sem taka þátt. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Veturinn 2017 – 2018 voru 246 nemendur í úrtakinu og svöruðu 232 nemendur könnuninni eða 94,3%. Vatnsendaskóli var nálægt landsmeðaltali í flestum þessum þáttum. Hér á eftir verður greint frá helstu niðurstöðum.

Virgni nemenda í skólanum

Styrkleikar nemenda liggja í þrautseigju í námi en þar mældust nemendur í 5,2 en landsmeðaltalið er 5,0 og trú á eigin námsgetu en þar mældust nemendur í 5,2 en landsmeðaltalið er 4,8.

Ánægja nemenda af stærðfræði og náttúrufræði flokkast til umbóta. Ánægja af stærðfræði mælist 4,8 en landsmeðaltalið er 5,1 og ánægja af náttúrufræði mælist 4,5 en landsmeðaltalið er 4,9. Þetta er ekki mikill munur en við þurfum að finna leið til að auka ánægju nemenda af þessum fögum.

Líðan og heilsa

Vatnsendaskóli kemur vel út úr þessum lið. Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og vellíðan mælast allir hærra en landsmeðaltalið. Sjálfsálit nemenda mælist sérstaklega hátt eða 5,3 en landsmeðaltal er 4,9 og vellíðan mælist 5,1 en landsmeðaltal er 4,9. Nemendur í Vatnsendaskóla borða hollari mat en almennt en þar mælast þeir 5,2 en landsmeðaltalið er 4,8. Einelti mælist í rannsókninni 5,3 í Vatnsendaskóla en landsmeðaltalið er 5,2. Þessa tölu viljum við lækka meira.

Eini þátturinn sem kemur illa út í þessum lið er tíðni hreyfingar en það helgast af aðstæðum okkar hér vegna íþróttahússins. Við sjáum fram á að þessi tala breytist með tilkomu nýs íþróttahúss við skólann.

Skóla- og bekkjarandi

Í þessum lið eru þættir er varða samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, aga í tímum, þátttaka nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu skoðaðir.

Vatnsendaskóli kemur vel út úr þessum þáttum og þá sérstaklega samsömun við nemendahópinn og mikilvægi heimavinnu en þar skorum við hærra en landsmeðaltalið. Umbóta er þörf varðandi aga í tímum sem mælist 4,6 en landsmeðaltalið er 5,0 og þátttöku nemenda í tímum sem mælist 4,9 en landsmeðaltalið er 5,1.